



11. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn mánudaginn 11. mars 2024 kl. 20 á skrifstofu safnstjóra í Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhiður Dröfn Ingvarðóttir varaformaður og Árni Eiríksson ritari. Fundinn sat einnig Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

**1. Fundargerðir.** Staðfestar voru fundargerðir nr. 9 frá 16. október og 10 frá 6. nóvember 2023.

**2. Ársreikningur Byggðasafns Árnesinga 2023.** Lagður var fram ársreikningur gerður af KPMG endurskoðun. Á árinu 2023 voru greiddar 43,3 millj. kr. í laun auk 11,3 millj. króna í launatengd gjöld. Á árinu unnu 10 starfsmenn hjá safninu í 4,1 stöðugildum. Rekstrarniðurstaða ársins 2023 var neikvæð um 0,8 millj. kr. samkvæmt rekstrareikningi. Fjármagnsgjöld voru 22,2 millj. kr. Eigið fé safnsins nam 25,2 millj. kr. í árslok 2023 samkvæmt efnahagsreikningi. Heildarveltan varð 105,4 millj. kr. Stjórn safnsins og safnstjóri árituðu ársreikninginn.

**3. Ársskýrla Byggðasafns Árnesinga 2023.** Safnstjóri fylgdi ársskýrslunni úr hlaði og hún rædd. Ársskýrslan verður send sveitarfélögnum og sett á heimasíðu safnsins.

**4. Styrkir Safnasjóðs.** Í janúar úthlutaði Safnaráð styrkjum til safna. Styrkir til Byggðasafns Árnesinga til þarfa verkefna námu 4,2 milljónum króna. Áður var búið að veita safninu 600 þúsund króna styrki til símenntunar og stafrænna kynningamála. Stjórn Byggðasafns Árnesinga þakkar veitta styrki.

**5. Verðskrá Byggðasafns Árnesinga 2024.** Verðskrá safnsins rædd og samþykkt.

**6. Nýr kynningarbæklingur.** Safnstjóri kynnti drög að nýjum kynningarbæklingi fyrir safnið. Hann verður gefinn út á íslensku og ensku. Sylvía Kristjánsdóttir hannaði bæklinginn.

**7. Starfsemin.** Safnstjóri hefur unnið að gerð staðsetningaskrár fyrir safnkostinn, skráningu nýrra aðfanga, gerð ársskýrslu og verið í samskiptum við bókara og endurskoðanda safnsins vegna ársreiknings. Hann setti í janúar upp þorrasýningu í borðstofu og tók á móti leikskólahópum. Komið er út kennsluefni fyrir húsasmíðanema um viðgerðir og viðhald á gömlum húsum sem safnaráð styrkti á síðasta ári. Unnið er að uppsetningu páskasýningaráðsins sem ber heitið „Ef garðálfar gætu talað“ og kemur frá Þjóðminjasafni Íslands. Undirbúningur er hafinn að gerð sumarsýningaráðsins „Síthvað af konu“. Nýr kynningarbæklingur hefur tekið sinn tíma og framundan að uppfæra heimasíðuna í takt við nýja bæklinginn og annað kynningarefni. Búið er að ráða í öll sumarstörf en komandi sumar lofar góðu. Salur Búðarstígs 22 er mikið notaður og nú er Leikfélag Eyrarbakka með hann á leigu fyrir fyrsta verkefni sitt.

**8. Næsti fundur.** Næsti fundur verður ákveðinn síðar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21.

Sandra Sigurðardóttir  
Þórhiður Ó. Ingvarðóttir  
Árni Eiríksson